

Þáttökusamningur vegna jöfnunarkerfis Greiðsluveitunnar ehf.

1. gr.

Samningsaðilar.

Greiðsluveitan ehf., kt. 600800-3240, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík hér eftir einnig nefnd félagið og Seðlabanki Íslands kt. 560269-4129 Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík hér eftir nefndur Seðlabankinn og XXXX, kt. XXX, Heimilisfang, xxx Reykjavík, hér eftir nefndur þátttakandi, gera með sér eftirfarandi samning um þáttöku XXX Nafn í jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar, hér eftir nefnt jöfnunarkerfið.

2. gr.

Réttarheimildir.

Greiðsluveitan starfrækir jöfnunarkerfið í samræmi við lög nr. 90/1999, um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, gildandi reglur Seðlabanka Íslands á hverjum tíma¹, um starfsemi jöfnunarkerfa, og gildandi reglur Greiðsluveitunnar ehf. á hverjum tíma um þáttöku í jöfnunarkerfi.

3. gr.

Gjaldtaka.

Þátttakandi skuldbindur sig til að greiða gjöld fyrir notkun jöfnunarkerfisins samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

4. gr.

Heimild og uppgjörstryggingar

Þátttakandi fær kr. XXX upphæð (upphæð , skrifuð) heimild á jöfnunarreikningi gegn því skilyrði að hann afhendi Seðlabankanum tryggingar í samræmi við fjárhæð heimildarinnar að teknu tilliti til frádrags.

Jöfnunarkerfið er rekið á bankanúmeraseríu Seðlabanka Íslands. Þátttakandi hefur svokallaðan jöfnunarreikning (teljarareikning) hjá Seðlabankanum þar sem haldið er utan um allar inn- og útborganir og nettunarstöðu á hverjum tíma.

Seðlabankinn annast tryggingatöku uppgjörstrygginga tengda rekstri jöfnunarkerfisins í samræmi við gildandi heimildir. Tryggingafjárhæð skal ávallt samsvara heimild á hverjum tíma að teknu tilliti til frádrags samkvæmt ákvæðum reglna um starfsemi jöfnunarkerfa.

Með samningi þessum veðsetur þátttakandi verðbréf fyrir umsaminni heimild sem Seðlabankinn metur og samþykkir í samræmi við ákvæði reglna um starfsemi jöfnunarkerfa. Þátttakandi getur haft uppgjörstryggingar, að hluta eða að fullu, í formi reiðufjár á tryggingarreikningi sínum í Seðlabankanum. Innstæða á tryggingarreikningi telst ekki til innlána hjá bankanum og er ekki háð tímatakmörkunum.

¹ Nú reglur nr. 704/2009

Verðbréf sem lögð eru fram sem uppgjörstrygging skulu skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands og veðsettar á vörslureikningi (VS-reikningi) þátttakanda í Seðlabankanum. Tryggingar skulu endurmetnar reglulega af Seðlabankanum í samræmi við reglur hans. Veð þetta nær til allra verðbréfa sem vistuð eru á viðkomandi vörslureikningi, bæði þeirra sem eru til staðar við undirritun þátttökusamnings þessa og einnig þeirra sem bætast við síðar eða koma í stað núverandi verðbréfa.

5.gr.

Eftirlit þátttakanda

Þátttakandi skuldbindur sig til að hafa eftirlit með jöfnunarreikningi sínum („teljarareikningi“) með notendaviðmóti kerfisins. Þátttakandi skal ávallt hafa á að skipa hæfum starfsmönnum sem þekkja og geta hagnýtt notendaskil kerfisins, sbr. ákvæði þar að lútandi í gildandi reglum Seðlabankans á hverjum tíma um jöfnunarkerfið.

6.gr.

Viðbúnaður

Þátttakanda er skylt að viðhalda þekkingu á viðbúnaðarkerfi jöfnunarkerfisins og taka þátt í viðbúnaðaræfingum til að tryggja virkni þess og öryggi, sbr. ákvæði þess efnis í gildandi reglum Seðlabankans á hverjum tíma um stórgreiðslu²- og jöfnunarkerfin.

7. gr.

Viðbúnaðaræfingar

Samningsaðilar skulu í samvinnu við tæknipjónustuaðila og aðra þátttakendur jöfnunarkerfisins, eftir því sem við á hverju sinni, æfa viðbúnað í því skyni að tryggja rekstraröryggi kerfisins og fara yfir möguleg viðbrögð og vanda sem upp geta komið í tengslum við rekstur kerfisins á grundvelli samnings þessa. Til slíkra æfinga telst m.a. eftirfarandi en ekki er um tæmandi talningu að ræða:

1. Viðbrögð við vanda tengdum skorti á innstæðu/heimild.
2. Viðbrögð vegna tæknivandamála hjá rekstraraðilum og/eða flutningi milli aðal- og varasetra.
3. Viðbrögð við vanda tengdum skyndilegu brotthvarfi þátttakanda.
4. Viðbrögð við samskiptum milli þátttakenda, tæknilegra rekstraraðila og/eða samningsaðila.

Viðbúnað skal æfa reglulega. Ferli og niðurstöður viðbúnaðaræfinga skulu skjalfestar og yfirfarnar á fundi samningsaðila í þeim tilgangi að bæta úr mögulegum ágöllum eða óhagkvæmni m.t.t. rekstraröryggis að því er varðar framkvæmd uppgjors í jöfnunar- og stórgreiðslukerfi.

8.gr.

Tengiliðir vegna kerfis

² Nú reglur 703/2009

Þátttakandi útbýr lista yfir neðangreinda aðila skv. sérstöku eyðublaði og skal listinn vera fylgiskjal við samning þennan.

1. Tengiliði sem Greiðsluveitan/Seðlabankinn getur haft samband við vegna atriða sem varða jöfnunarkerfið, s.s. vegna almennrar upplýsingamiðlunar, vegna samninga, heimilda, reglna, þjónustu við kerfið og annarra atriða.
2. Tengiliði sem Greiðsluveitan/Seðlabankinn getur haft samband við komi upp vandamál tengd rekstri kerfisins, s.s. lausafjárvasandi eða vegna þess að viðbúnaðarkerfið hefur verið gangsett.
3. Aðila (prókúruhafa) ásamt rithandasýnishornum, sem hafa heimild (umboð) til að gefa út greiðslufyrirmæli í nafni þátttakandans, þegar viðbúnaðarkerfið kann að verða virkjað sem varaleið fyrir greiðslufyrirmæli.

Þátttakandi ber ábyrgð á að uppfæra listann í samræmi við starfsskyldur starfsmanna hans hverju sinni³ og að senda Seðlabankanum skriflega uppfærðan lista, ef breytingar verða á honum gerðar. Skal uppfærður listi vera fylgiskjal við samning þennan.

9.gr.

Framsal til þriðja aðila.

Þátttakanda er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

10.gr.

Takmörkun ábyrgðar.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem þátttakandi eða annar aðili verður fyrir vegna þess að aðild þátttakanda að jöfnunarkerfinu er felld niður eða lokað er tímabundið fyrir aðgang hans að jöfnunarkerfinu, samkvæmt ákvörðun Greiðsluveitunnar, í samræmi við gildandi reglur um jöfnunarkerfið á hverjum tíma.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni þátttakanda eða annars aðila vegna truflunar eða bilunar í jöfnunarkerfinu, eða vegna truflunar sem stafar af uppfærslu eða endurbótum á búnaði kerfisins, nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hálfu starfsmanna Greiðsluveitunnar. Samningsaðilar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni hvors annars eða annarra aðila sem rekja má til ófyrirsjáanlegra atvika (force majeure).

Komi til þess að Greiðsluveitan verði dæmd skaðabótaskyld á grundvelli samnings þessa skal bótafjárhæð aldrei nema hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 (krónur ein milljón) samtals á samningstímanum.

³ Sjá fylgiskjal við samning þennan sem geymir lista þátttakanda yfir núverandi tengiliði sem Seðlabankinn og Greiðsluveitan geta haft samband við og aðila með umboð sbr. 3. tl. 8. gr.

Skaðabótakröfu ber að lýsa á hendur Greiðsluveitunni í síðasta lagi innan sex mánaða frá tjónsatburði eða frá þeim tímapunkti er ljóst mátti vera að tjón hafi orðið.

11.gr.

Vanefndir og riftun.

Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir að ræða af hálfu þátttakanda á samningi þessum eða brjóti þátttakandi gildandi reglur, skilmála eða lög sem snerta jöfnunarkerfið, er varða aðild hans að jöfnunarkerfinu, hvort tveggja að mati Greiðsluveitunnar og/eða Seðlabankans, er Greiðsluveitunni og/eða Seðlabankanum heimilt að segja samningi þessum upp fyrirvaralaust og/eða loka fyrir aðgang þátttakanda að jöfnunarkerfinu.

Seðlabankinn getur ákveðið einhliða að breyta/fella niður heimild þátttakanda á jöfnunarreikningi („teljarareikningi“) hans í Seðlabanka Íslands. Seðlabankanum er heimilt að birta opinberlega tilkynningu ef gripið er til úrræða samkvæmt þessari grein.

12.gr.

Heimild til ráðstöfunar trygginga.

Um heimild Seðlabankans til ráðstöfunar trygginga við uppgjörsvanefnd þátttakanda í jöfnunarkerfinu fer samkvæmt gildandi reglum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um starfsemi jöfnunarkerfa. Seðlabankanum er heimilt, áður en hann afhendir þátttakanda uppgjörstryggingar, m.a. vegna lækkunar eða niðurfellingar heimildar, að ganga að uppgjörstryggingunum til greiðslu á hvers konar öðrum gjaldföllum skuldbindingum þátttakanda við Seðlabankann. Um fullnustu fer í báðum tilvikum eftir ákvæðum laga nr. 46/2005, um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Seðlabankanum er heimilt að leita fullnustu í þeim tryggingum sem þátttakandi hefur sett á hvern þann hátt sem Seðlabankinn kys án sérstaks fyrirvara, án atbeina yfirvalda og án þess að fylgt sé formlegri málsmeðferð, m.a. með sölu verðbréfa án nauðungarsölu. Er Seðlabankanum í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem hafa verið settar eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert. Um vernd veðréttinda fyrir gjaldþrotaskiptum á búi veðþola fer eftir ákvæðum laga nr. 90/1999, um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum.

13.gr.

Trúnaður.

Trúnaðar- og þagnarskylda skal ríkja um allt efni samnings þessa. Þagnarskyldan helst eftir lok samningstímans.

14.gr.

Skilmálar.

Greiðsluveitunni og Seðlabankanum er heimilt að gera breytingar á þeim skilmálum sem gilda um samning þennan. Breytingar skulu tilkynntar þátttakanda og þær birtar í samræmi við gildandi reglur Seðlabankans á hverjum tíma. Telst þátttakandi hafa samþykkt skilmálana geri hann ekki athugasemdir við þá innan 15 daga frá tilkynningunni.

15. gr.

Ágreiningur.

Um samning þennan gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Samningur þessi tekur gildi XX. mánuður ár og leysir af hólmi eldri þátttökusamning. Aðilar geta sagt upp samningi þessum skriflega með þriggja mánaða fyrirvara nema samið sé um annað.

Samningur þessi er undirritaður í þremur samhljóða eintökum og fær hver samningsaðili eitt eintak.

Reykjavík, XX. mán ár

GREIÐSLUVEITAN EHF

XXXX nafn

Logi Ragnarsson
framkvæmdastjóri

XXX nafn
bankastjóri

XXX nafn
framkvæmdastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Listi yfir tengiliði þátttakanda sbr. 8. gr.